

Fundur í skólanefnd Kvennaskólans í Reykjavík haldinn fimmtudaginn 2. september 2021 kl. 15:00 í netheimum í gegnum TEAMS.

Mætt voru: Eva Einarasdóttir formaður,
Eiríkur Orri Agnarsson,
Stefán Hilmarsson,
Sjöfn Þórðardóttir, fulltrúar mennta- og menningamálaráðuneytisins
Guðrún Erla Sigurðardóttir, áheyrnarfulltrúi starfsmanna
Hekla Dís Kristinsdóttir, áheyrnarfulltrúi nemenda
Hjalti Jón Sveinsson, skólameistari
Guðný Rún Sigurðardóttir, fjármála- og skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.
Örn Þórðarson, aðalfulltrúar Reykjavíkurborgar boðaði forföll.

Skólameistari setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Kynnti nýjan fulltrúa starfsmanna, Guðrúnu Erlu Sigurðardóttur.

1. Upphaf skólaárs.

Skólinn kominn á fullt skrið, allir nemendur mættir og allir með grímur, nemendur og starfsmenn. Gengur mjög vel, sóttvarnir í boði vítt og breytt, allir að leggja sig alla fram við að geta haldið uppi ótrufluðu skólastarfi.

639 nemendur sem hófu nám í haust, teknir inn 8 bekkir á 1. ár, 3 félagsvísindabekkir og 5 náttúruvísindabekkir. Farið verður með nýnema í ferð á Akranes í næstu viku til að hrista saman hópinn, nemendur í 2. bekk fara líka í „nýnemaferðir“, farnar verða fjórar ferðir með um 100 nemendur í senn.

Lagt var upp í tilraun í haust með að hefja kennsludaginn kl. 08:30 í stað 08:10 eins og verið hefur.

2. Breytingar á starfsliði.

Oddný Hafberg aðstoðarskólameistari hefur sagt starfi sínu lausu og hefur hætt störfum. Auglýst var í júní eftir umsækjendum um stöðuna og bárust 15 umsóknir um starfið. Valnefnd, skipuð fulltrúum Krákunnar og fulltrúum SMÍ fór yfir umsóknir og boðaði í viðtöl. Ásdís Arnalds, íslenskukennari og fagstjóri til margra ára var valin úr hópi umsækjenda og hefur þegar hafið störf.

Í hennar stað þurfti að ráða nýjan íslenskukennara, í stöðuna var ráðin Elínrós Þorkelsdóttir sem hefur einnig hafið störf.

Skólameistari ítrekaði að skólaárið 2021-2022 verði sitt síðasta sem skólameistari Kvennaskólans í Reykjavík.

3. Verklegar framkvæmdir.

Verktakar á vegum Ríkiseigna að skipta um járn á Miðbæjarskólannum. Framkvæmdir voru stöðvaðar í gær af lögreglu og verkalýðsfélögum þar sem starfsmenn verktaka höfðu ekki tilskilin réttindi og aðbúnaður starfsmannanna óviðunandi og ótryggur.

4. Baráttan við Covid-19.

Búið að útbúa viðbragðsáætlun ef upp koma smit í skólastarfinu sem miða að því að sem fæstir þurfi að vera í sóttkví á hverjum tíma. Lagt upp með að kennsla fari fram með einum hætti, kennarar verði ekki samtímis með nemendum í stað- og fjarnámi.

5. Önnur mál.

Aðalfundur foreldraráðs boðaður í næstu viku, lítið farið fyrir starfi ráðsins undanfarna tvo vetur en brýnt að ráðið sé virkt. Fulltrúi foreldra situr í skólanefnd og æskilegt að hafi aðkomu að innra mati í skólanum.

Kynningarfundur fyrir foreldra haldinn í haust fyrir foreldra nýnema, skipt upp á tvö kvöld. Mikil þátttaka í kynningarfundunum.

Hekla Dís kynnti starf nemendafélagsins sem er að fara af stað. Nýnemakvöld í gær með helmingi nýnema og seinni hópurinn í kvöld. Nýnemaferðirnar í næstu viku og þar kemur Keðjan að með kynningu á starfi félagsins. Nýnemablað að koma út og ýmislegt á þrjónunum.

Stefnt að því að halda næsta skólanefndarfund í nóvember.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 15:50.